

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915.
[Landhelgissjóður Íslands].

34
4. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1 gr.

2. gr. í lögum nr. 68, 3. nóv. 1915, orðist svo:

4. gr. laga nr. 55, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæsluskipum, og ákveður
löggjafarvaldið, hve nær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans
skuli varið til þess. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að af árlegu sektar-
fje og vöxtum sjóðsins skuli varið til þess að verja landhelgina fyrir ólög-
legum veiðum alt að jöfnu tillagi móti því, sem ríkissjóður leggur til.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.